

Fundargerð

aðalfundar Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, haldinn í Skeifunni 8, Reykjavík, föstudaginn 25. maí 2007, kl. 12:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld
5. Lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kjör stjórnar (þegar við á)
8. Kosning skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

Á fundinn mættu eftirfarandi fulltrúar:

Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Hildur Elín Vignir, IÐAN fræðslusetur

Finnur Þ. Gunnþórsson, Námsflokkar Hafnarfjarðar - Miðstöð símenntunar

Björg Árnadóttir, Námsflokkar Reykjavíkur

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Kristín Jónsdóttir, Kvöldskóli Kópavogs

Guðjónína Sæmundsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Hulda Ólafsdóttir, Mímir-símenntun

Stefán Stefánsson, Menntamálaráðuneytið, sem var gestur fundarins

Formaður setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og lagði til að fundarstjóri yrði Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og fundarritari Hulda Ólafsdóttir, var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður fór yfir skýrslu stjórnar sem send var út fyrir fundinn. Í máli formanns kom einnig fram að það yrði hlutverk nýrrar stjórnar að finna aðila til að annast daglegan rekstur Leiknar og gerður um það samningur.

Smári upplýsti að borist hefði beiðni frá Námsflokkum Hafnarfjarðar-Miðstöð símenntunar um inngöngu í Leikn. Beiðnin var lögð fyrir fundinn sem samþykkti hana samhljóða. Fulltrúi Námsflokka Hafnarfjarðar, Miðstöðvar símenntunar á fundinum var því fullgildur félagsmaður á fundinum.

2. Endurskoðaðir reikningar

Gjaldkeri félagsins Guðjónína Sæmundsdóttir lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Fram komi í máli gjaldkera að tekjur félagsins eru eingöngu félagsgjöld en að styrkur hefði fengist frá menntamálaráðuneytinu til að gera heimasíðu félagsins og er hún vistuð á heimasvæði Menntar, www.mennt.net. Ekki hafa borist reikningar frá Mennt vegna þeirrar vinnu og fram kom mikilvægi þess að senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um hvernig fjármagnið hafi verið nýtt og upplýsa um slóð síðunnar. Þeim tilmælum beint til nýrrar stjórnar að senda skýrslu um heimasíðuna til ráðuneytisins.

Leikn hefur ekki borið neinn kostnað af ferðum stjórnarmanna á fundi innanlands og í litlum mæli af fundum erlendis. Í flestum tilvikum hefur verið hægt að nýta ferðirnar í tengslum við ferðir fyrir viðkomandi aðildarfélag sem greitt hefur ferðina.

4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld

Ekki lá fyrir skrifleg áætlun en tekjur eru eingöngu félagsgjöld og útgjöldum þarf að haga í samræmi við það. Stjórn fékk umboð fundarins til að samþykkja nýja fjárhagsáætlun sem gjaldkeri leggur fram á næsta stjórnarfund. Ákveðið var að hækka árgjöldin úr 30 þúsundum í 35 þúsund kr.

5. Lagabreytingar

Stjórn Leiknar lagði til lagabreytingar á 5. gr. samþykktanna. Við greinina bætist setningin:
Einnig geta orðið aðilar fræðsludeildir aðila sem starfa á ofangreindaum grunni.

Breytt hljóðar greinin þannig:

Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraráðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. *Einnig geta orðið aðilar fræðsludeildir aðila sem starfa á ofangreindum grunni.*

Umræða varð um tillöguna og óskað eftir rökstuðningi og dæmum. Helstu rök voru þau að við undirbúning af stofnun félagsins var samþykkt að byrja smátt og skilgreina félagsaðild þröngt. Stjórn félagsins hefur fylgt þeirri stefnu en í tilefni þess að beiðni barst frá fræðsludeild Vinnueftirlits ríkisins um aðild að Leikn fól stjórnin vinnuhóp að skoða og meta hvort rétt væri að útvíkka aðildarákvæðin.

Tillagan um breytingu á 5. grein var samþykkt

6. Kosning formanns

Fundarstjóri óskaði eftir tilnefningum og var stungið upp á Smára Haraldssyni. Hann lýsti því yfir að hann væri tilbúinn að halda áfram sem formaður Leiknar og var kjörin samhljóða.

7. Kjör stjórnar

Nýkjörinn formaður lagði til að fráfarandi stjórnar yrði endurkjörin þ.e. Guðjónína Sæmundsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Hulda Ólafsdóttir, Mími-símenntun, og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og að ný í stjórn kæmi Hildur Elín Vignir frá IÐUNNI fræðslusetri í stað Birnu Gunnlaugsdóttur en hún hætti í stjórn Leiknar á árinu. Einnig lagði formaður til að varamenn yrðu kjörnir þeir Emil Björnsson, Fræðsluneti Austurlands og Björg Árnadóttir Námsflokki Reykjavíkur.

Tillagan var samþykkt einróma.

Fulltrúi Námsflokka Hafnarfjarðar-Miðstöðvar símenntunar óskaði eftir að fá að mæta á stjórnarfundum ef málefni Eyrstrasaltsríkja og Póllands verða á dagskrá vegna sérstaks áhuga á þeim málaflokki.

8. Kosning skoðunarmanna reikninga

Gerð var tillaga um Kristínu Jónsdóttur, Kvöldskóla Kópavogs og Finn Þ. Gunnþórsson Námsflokki Hafnarfjarðar og var það samþykkt einróma.

9. Önnur mál

a) Björg Árnadóttir fylgdi eftir skriflegu erindi sínu til stjórnar Leiknar dags. 15. maí 2007 sem fjallaði m.a. um skilgreiningu á formlegri fullorðinsfræðslu. Beiðnin tengdist Norrænu samstarfi sem B.A. er í á vegum NVL f.h. Íslands. Nokkur umræða varð um málið FPG taldi að ESB væri með góðar skilgreiningar á þessu og lagði til að málið yrði skoðað í samstarfi við menntamálaráðuneytið og samtök sveitarfélaga. IEG kom inn á að formlegt væri venjulega það sem væri opinberlega viðurkennt, námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins nálgast formlega fullorðinsfræðslu. Hún upplýsti um íslenskar þýðingar á formlegu og óformlegu námi sem FA notar. Óformlegt = non formal, formlaust = informal og formlegt = formal. HÓ og SH töldu rétt að halda félagsfund þar sem m.a. væri rætt um þessar skilgreiningar og fengið yfirlit yfir það samstarf sem aðildarfélögin eiga í á Norðurlöndum og á alþjóða vettvangi. St.St. undirstrikaði að Íslendingar nálgust mál oft öðruvísi en hinar Norðurlandþjóðirnar og að við skyldum vera stolt af því. Við setjum gjarnan lög eftir á í skólum eins og sagan sýnir t.d. með fjölbrautarskólana en fjöldi þeirra fór af stað án þess að sett hafi verið lög þótt til hafi verið rannar. Svipað er að gerast í fullorðinsfræðslunni þar sem fjármagn hefur verið sett inn en engar skilgreiningar eða lög um nýtingu. Afstaða fólks til lagasetningar sé oft “haltu mér-slepptu mér” sjónarmið því vissulega geta lög heft núverandi kerfi.

FPG taldi mikilvægt að í stað þess að skilgreina formlegt og óformlegt nám væri rétt að skilgreina tengsl og samskipti náms og atvinnulífs. B.A. þakkaði fyrir umræðuna sem er þörf og segist lýsa með stolti frumskóginum á Íslandi á norrænum fundum.

Niðurstaða umræðunnar var að halda félagsfund um málefnið sem var til umræðu undir þessum lið.

b) St.St. óskaði eftir að nefna tvö mál er snúa að símenntunardeild menntamálaráðuneytisins, þ.e. íslenska fyrir útlendinga og vika símenntunar.

Íslenska fyrir útlendinga: Hann upplýsti um forsendur úthlutunar til íslenskukennslu fyrir útlendinga m.a. að ástæða þess að úthlutað var 90 milljónum kr. í stað 70 var að ljóst hafi verið að þróunarverkefnið þyrftu ekki allan þann pening sem ætlaður hafi verið. Ætla mætti að afföll í áætlaðri kennslu gætu orðið um 20%. Þeir sem ekki héldu námskeið en fengu til þess fjármagn þurfa að endurgreiða ráðuneytinu. Leitað verður eftir aukafjárveitingu vegna haustsins. Námsgagnagerð vegna íslenskukennslunnar mun verða í höndum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA). St.St. upplýsti að út hefði verið að koma skýrsla um íslensku fyrir útlendinga frá KHÍ m.a. um háskólamenntun fyrir kennara í ísl. f. útlendinga. Óskaði hann eftir tillögum/ábendingum um þörfina fyrir íslensku kennara í fullorðinsfræðslunni. Til greina kemur að halda fund eða ráðstefnu um íslenskukennsluna í haust.

Vika símenntunar:

St.St. sagði frá fundi ráðuneytisins með Kvasi og Mími í vetur um viku símenntunar. Ljóst væri að fjármagnið til símenntunarmiðstöðva hafi að mestu leyti farið í að fjármagna auglýsingar miðstöðvanna. Ína sagði að í fyrra hefði fjármagnið átt að fara í að halda námskeið fyrir markhópin og væri skýrt ef það hefði ekki gerst. Starfshópur sem í sitja auk St.St. tveir fulltrúar Starfsmenntaráðs er að störfum við að skilgreina viku símenntunar upp á nýtt. Hugmynd er upp í hópnum um að hafa eitt þema í næstu viku símenntunar og það væri þemað lestrarerfiðleikar. Það er krafa Starfsmenntaráðs að skilgreina vikuna betur að öðrum kosti setur ráðið ekki fjármagn til vikunnar. Árið 2006 greiddi ráðuneytið 4 millj. kr. og Starfsmenntaráð 2 m.kr. til vikunnar. Áður greiddi Starfsmenntaráð einnig 4 m.kr. Nokkur umræða var um hugmyndir um að vika símenntunar hafi eitt þema og kom fram mikil andstaða hjá SH gegn því að hafa eitt þema. Fram kom í máli fundarmanna að mikilvægt væri að tilgangurinn væri ljós og ekki væri gott að vekja falsvönir meðal fólks með lestrarerfiðleika ef ekki eru til úrræði fyrir það. Tilgangur með þessu þema gæti hins vegar verið að vekja athygli á málinu og benda á þau úrræði sem þegar eru til staðar svo sem námsleiðina Aftur í nám, skimunarpróf á lesskilningi, greiningu og nýja námskrá FA Skref til sjálfhjálpar sem kemur út í haust.

Fleira var ekki tekið fyrir og þakkaði formaður fólki fyrir góðan fund og sleit honum.

Fundargerð ritaði
Hulda Ólafsdóttir
